

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. júlí 2008
Tilvísun: UST20080700036/ksj

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa uppsveita Árnassýslu er barst þann 23. maí sl. þar sem óskað er umsagnar um deiliskipulagstillögu um lóðirnar Einbúi 1, 2 og 3 í landi Villingavatns í Grafningi.

Um er að ræða svæði úr jörðinni Villingavatn í Grafningi sem er undir Einbúanum norðvestanverðum, við Þingvallavatn. Í staðfestu aðalskipulagi Grímsnes og Grafningshrepps er svæðið tilgreint sem frístundabyggð. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur 5000 fm lóðum og einni 6.100 fm lóð. Ein lóð er þegar byggð.

Náttúruminjar

Svæðið sem lóðirnar 3 eru skipulagðar á er á verndarsvæði Þingvallavatns samkvæmt lögum nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Einnig er í gildi á svæðinu reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. Þingvallavatn ásamt eyjum og strandlengju umhverfis vatnið er á náttúruminjaskrá (743), en í skránni segir: **Þingvellir og Þingvallavatn, Þingvallahreppi, Grafningshreppi, Grímsneshreppi, Árnassýslu. (1) Þingvellir og land jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka samkvæmt sérlögum nr. 59/1928. Þingvallavatn, ásamt eyjum og strandlengju umhverfis vatnið. (2) Þingvellir eru einstæður sögustaður, landslag stórbrotið og fágætt að jarðfræðilegri gerð. Þingvallavatn er lifauðugt vatn í sigdal og má þar m.a. finna fjögur afbrigði af bleikju.**


Frárennsli

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áætlun um hreinsivirki varðandi ofangreinda frístundabyggð, en bendir á að Þingvallavatn er viðkvæmt fyrir köfnunarefnismengun og því þarf að hreinsa það sérstaklega úr frárennsli.


Niðurstaða

Deiliskipulagssvæði frístundalóðanna þriggja, Einbúi 1, 2 og 3 er á svæði sem merkt er frístundabyggð í aðalskipulagi. Eitt húsanna hefur þegar verið byggt. Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllt



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun